

33. gr.

145

Skýlt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

11. júní

34. gr.

Endurskoðendum er skýlt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu, og að gætt sé allra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu hans snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð þessa og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

146

um skömmtnun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

19. júní

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, og lögum nr. 59 7. maí 1940, um breyting á þeim lögum, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Enginn má selja bifreiðagúmmi (hjólbörða eða slöngur) nema þeir, er viðskiptaráð hefur löggilt til þess.

19. júní

Bannað er að selja bifreiðagúmmí, nema kaupandi skili innkaupsleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á þessu ári meira en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfishifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbarðar og 3 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbarðar og 1 slanga.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins í Reykjavík getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmí, skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Í beiðninni skal vera drengskaparyfirlýsing um það, að leyfisbeiðandi eigi ekki nægilegt nothæft bifreiðagúmmí, og að hjólbarðar þeir og slöngur, sem endurnýjunar er beiðst á, sé ónothæft. Bifreiðaeftirlitsmaður, eða umboðsmaður hans, skal fullvissa sig um það með skoðun, að rétt sé skýrt frá. Enn fremur skal tekið tillit til fyrri innkaupa bifreiðareiganda.

Bifreiðaeftirlitsmenn skulu neita leyfisbeiðni um ný bifreiðagúmmí á þær bifreiðir, sem þeir telja að fyrir aldurs sakir, eða aðrar, séu svo úr sér gengnar, að þær fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar eru um ástand bifreiða, eða ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði, sem eftirlitsmaður setur um aðgerð á bifreiðinni.

4. gr.

Í innkaupsleyfi skal tilgreina tegund og stærð bifreiðagúmmis og að því fengnu snýr leyfishafi sér til löggilts bifreiðagúmmisala og fær gegn afhendingu leyfisins það bifreiðagúmmí, er leyfið hljóðar um.

Sala bifreiðagúmmisins er enn fremur bundin því skilyrði, að kaupandi skili hinum löggilta bifreiðagúmmisala hinu ónothæfa bifreiðagúmmí, er hann fær endurnýjað.

Hinn löggilti gúmmisali skal geyma hin ónothæfu gúmmí endurgjaldslaust og afhenda þau samkvæmt fyrirmælum viðskiptamálaráðuneytisins.

5. gr.

Innkaupsleyfi skal miðað við ákveðið ökutæki og umdæmisnúmer þess tilgreint í leyfinu. Skömmtnunarskrifstofa ríkisins heldur spjaldskrá um öll þau ökutæki, sem fengið hafa bifreiðagúmmí, og skulu þar skráð öll þau gúmmí, sem eigandi ökutækisins fær afhent til þeirra.

6. gr.

Allar beiðnir, sem teknar eru til greina, skulu bifreiðaeftirlitsmenn senda skömmtnunarskrifstofu ríkisins, sem hefur eftirlit með úthlutuninni. Einnig skulu löggiltir gúmmisalar senda skömmtnunarskrifstofu ríkisins um hver mánaðamót þau innkaupsleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

7. gr.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins sér um framkvæmd á reglugerð þessari og getur hún hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka birgðir löggiltra gúmmisala af vörum þeim, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

9. gr.

146

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða frá 10. marz 1943. 19. júní

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

147

23. júní

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað,
nr. 148 28. ágúst 1940.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:

Til ljósa 100 aur. fyrir kwst.

Til suðu 30 aur. fyrir kwst.

Til orku 50 aur. fyrir kwst.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1943.

Björn Þórðarson.

Vígfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

148

23. júní

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskila hefur sýslunefnd á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmd þeirra, hver á sínu fjallskilasvæði.

2. gr.

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Þó skal land Raknaldals í Rauðasandshreppi tilheyra Patreksfjallskilasvæði.

Í Patreksfjallskilasvæði skal 5 manna nefnd, kosin af hreppsnefndunum, hafa stjórn fjallskilamálanna á hendi og skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa einn þeirra.

3. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilaneftnd á Patreksfjallskilasvæði) geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði. Þó má